

Skjalasafn lénsmanns á Bessastöðum 1552–1682

Kristjana Kristinsdóttir

Í greinargerð um danska ríkisskjalasafnið frá árunum 1889–1891 er rætt um skjalasöfn lénsmanna. Segir þar að þrátt fyrir að konungleg embættisskjalasöfn (brevkister) væru til í Danmörku frá gamalli tíð hjá lénsmönnum, í kirkjum, klaustrum og hjá biskupum væri það samt í kjölfar siðaskipta þar, árið 1537, sem fest var í lög að varðveita skyldi lagaboð, konungleg bréf og önnur skjöl sem þýðingu hefðu. Og strax við siðaskiptin hafi skjölum verið safnað til lénsmanna og biskupa.¹

Ætlun konungs var að skjalasöfnin yrði eftir í léninu eins og önnur innistæða² við lénsmannsskipti. Sú varð þó ekki alltaf raunin. Litu margir lénsmenn á skjölin sem einkaeign sína. Vegna þessa er lénsmönnum fyrirskipað með lokuðu bréfi (missive) þann 9. júlí 1593 að varðveita skjalasöfn sín og færa í bók öll konungleg opin bréf og afhenda skjalasafnið nýjum lénsmanni við lénsmannsskipti. Í bréfinu er sá formáli að hverjum og einum þeirra beri að halda skjalasafni lénsins í röð og reglu og að þeir eigi að afhenda safnið eftirmanni sínum ásamt skrá eða lista yfir það.³ Þessi fyrirskipun er ítrekuð árin 1615 og 1643.⁴ Í bréfinu sagði um ástæðu þessarar orðsendingar, að oft hafi verið kvartað yfir því að við lénsmannsskipti í ríkinu hafi fráfarandi lénsmenn tekið með sér öll skjöl varðandi lénið. Af því leiddi að eftirmenn þeirra hefðu engin eldri bréf til að fara eftir við stjórn lénsins. Því voru menn beðnir að halda til haga þeim bréfum, sem gefin voru út í embættistíð þeirra, láta skrá þau og skrifa inn í bók, sem ætíð ætti að fylgja léninu. Við lénsmannsskipti átti að afhenda skjalasafnið ásamt skránni yfir það með annarri innistæðu. Eldri bréf, sem horfin voru, átti að reyna að hafa upp á og skrá. Öll bréf átti að lesa upp á þingum, skrá þau og varðveita vel í léninu, þannig að þau hvorki skemmdust né týndust.

Krafa Henriks Krag lénsmanns (1591–1595) á alþingi árið 1593 hefur örugglega tengst þessu bréfi konungs. Þar segir að þeir sem hafi konungsbréf í fórum sínum, sem bætt gætu hag landsins, eigi að afrita þau, þ.e. ef þeir vildu ekki láta frumbréfin með innsiglium frá sér fara. Afritið átti að senda til Bessastaða þar sem bréfin yrðu aðgengileg þegar þörf væri á.⁵

Í greininni verður leitast við að varpa ljósi á skjalasafn Bessastaða á árabílinu 1552–1682 og sýnt fram á hvaða skjalaflokkar mynduðu safnið í upphafi og þegar líða tekur á tímabilið.

¹ *Meddelelser om Rigsarkivet for 1889–1891*, (København 1892), bls. 28.

² Innistæða þýðir hér skepnur og munir sem fylgja jörð. Sjá Sigfús Blöndal, *Íslensk-dönsk orðabók. A-Ö*, (Reykjavík 1920–1924), bls. 402.

³ V.A. Secher, *Forordninger, recesser og andre kongelige breve* II, (København 1889–1890), bls. 647–649.

⁴ V.A. Secher, *Forordninger* III, (København 1891–1894), bls. 448–449; V.A. Secher, *Forordninger* V, (København 1903), bls. 215.

⁵ *Alþingisbækur Íslands* II, (Reykjavík 1915–1916), bls. 371.

Skjalasafn Bessastaða

Heitið, *skjalasafn Bessastaða*, er notað hér sem samheiti yfir þau skjöl sem safnað var til Bessastaða og samin voru þar á árunum 1552–1682. Reynt verður að draga upp mynd af skjalasafninu og gera grein fyrir þeim skjalaflokkum eða tegundum skjala sem mynduðu safnið. Safnið hefur ekki varðveist sem heild og er nú tvístrað í söfnum í Danmörku og á Íslandi. Elsta skjal úr safninu sem nú er varðveitt er staðfesting konungs á Stóradómi frá 13. apríl 1565.⁶

Ætla verður að helstu gerðir skjala sem mynda safnið séu bréf og fyrirskipanir frá konungi og skjöl varðandi jarðir konungs, þ.e. jarðabækur. Skjalasafn á Bessastöðum hefur ekki varðveist í samhengi en unnt er að fá vísbendingu um hvers konar skjöl mynduðu skjalasafnið með því að athuga þau gögn sem eru varðveitt um safnið. Þau eru til frá árinu 1553, frá árabílinu 1619–1648 og frá árinu 1662.

Árið 1553, í kjölfar siðaskiptanna, fékk lénsmaðurinn á Bessastöðum eignasafn Viðeyjarklausturs í hendur til þess að standa undir rekstri embættis síns. Lágu þá í skjalasafninu tveir pokar af Viðeyjarklaustursskjölum, alls 28 pergamentsbréf auk eins pappírsbréfs frá Birni Jónssyni syni Jóns Arasonar biskups, auk tíu bréfa sem sérstaklega er getið. Þessi bréf eru t.d. um staðfestingu biskups á Píningsdómi frá 1480 og bréf um verslun við þýska kaupmenn og bann við vetrardvöl þeirra.⁷ Hvar frumrit þessara bréfa eru nú er óvíst en Viðeyjarklaustursbréfin eru varðveitt í afskrift frá um 1570.⁸

Árið 1619 má sjá af skrá lénsmanns að þá eru í safninu á Bessastöðum 39 konungsbréf, innsigli landsins úr silfri, ein jarðabók yfir tekjur landsins og ein máldagabók yfir kirkju eignir á Íslandi.⁹ Ekki er vitað nákvæmlega hvaða jarðabók og máldagabók er hér um að ræða. En konungsbréfin eru varðveitt í Stiftamtmanssafni.¹⁰ Strax árið eftir eru konungsbréfin orðin 55 með nokkrum kópíum.¹¹ Næstu yfirlit yfir skjalasafnið eru frá árunum 1647 og 1648. Þá eru konungsbréfin orðin 60 auk eins próventubrúfs.¹²

Árið 1662, þegar Íslendingar féllust á einveldisskuldbindinguna, voru í skjalasafni Bessastaða 97 konungsbréf og nokkrar kópíur, ein máldagabók, ein jarðabók, eitt próventubrúf og eitt makaskiptabrúf. Jafnframt máldagabók Hóladómkirkju og kirkna í Hólabiskupsdæmi, listi

⁶ *Þjóðskjalasafn Íslands (ÞÍ.)* Skjalasafn Stiftamtmanns III. nr. 2. 1. 13. apríl 1565. Konungsstaðfesting á Stóradómi 30. júní 1564.

⁷ *Íslenskt fornbrúfasafn XII*, (Reykjavík 1923–1932,) bls. 594–595, 598.

⁸ AM 238 4to. Bessastaðabók.

⁹ *ÞÍ.* Rentukammer (Rtk). Y.2. Lénsreikningar. Skrá yfir fylgífé frá Friðrik Friis. Innistæðuskra 1619.

¹⁰ *ÞÍ.* Skjalasafn Stiftamtmanns III. nr. 2. Þrjú skinnbréf 1565-1643, nr. 3. Konungsbréf til höfuðsmanns 1542–1682.

¹¹ *ÞÍ.* Rtk. Y.2. Lénsreikningar. Skrá yfir fylgífé frá Friðrik Friis. Innistæðuskra 1620.

¹² *ÞÍ.* Rtk. Y.6. Lénsreikningar. Lénsreikningur fyrir reikningsárið 1646–1647, bls. 45, Lénsreikningur fyrir reikningsárið 1647–1648. Sjá *ÞÍ.* Skjalasafn Stiftamtmanns III. nr. 2. 2. 18. maí 1641. Próventugerningur Margrétar Gunnsteinsdóttur.

yfir jarðagóss þeirra og tilheyrandi skrautgripi (ornamenter), máldagabók Skálholtsdómkirkju og kirkna í Skálholtsbiskupsdæmi, listi yfir jarðagóss þeirra og tilheyrandi skrautgripi. Einnig jarðabók yfir jarðir sem liggja undir Skálholtsdómkirkju sjálfa, auk bókar með eignarheimildum sömu jarða og kirkna. Tvær bækur samhljóða um eignarheimildir klaustranna, tvær bækur samhljóða um innistæðu klaustranna og alþingisdómabók frá 1646 til 1659.¹³

Árið 1703 fær Árni Magnússon handritasafnari lánuð eftirfarandi skjöl úr amtskistunni á Bessastöðum hjá Christian Müller amtmanni:

1. Een altingsbog in 4to begynder 1646.
2. Een bog in 4to. Om nogle clostere i Iisland og deris rettigheder.
3. Een bog i stor 4to indeholdende Hoole domkirckes maaldage.
4. 121 gamle pergaments breve Om closternes eiendomme udi Iisland.¹⁴

Þessi kvittun er einhver síðasta heimildin um skjalasafnið í vörslu á Bessastöðum.

Eftir þetta, þ.e. árið 1703, hefur það sem eftir var af skjalasafni lénsmanns borist frá amtmanni til stiftamtmanns þar sem skjölin liggja nú í skjalasafni hans í Þjóðskjalasafni Íslands.¹⁵

Stjórnsýsla og verkefni lénsmanna

Þau skjöl sem hér hafa verið nefnd urðu til af nauðsyn, vegna stjórnsýslu konungs í léninu og því vegna verkefna lénsmanns. Verkefni hans voru í stuttu máli þau að lénsmaðurinn, oftast aðalsmaður, átti að kunngerá fyrirskipanir konungs, sjá um að þeim væri framfylgt og innheimta tekjur af eignum konungs í léninu. Hann hafði eftirlit með réttarfari, innheimtu sakeyris og að réttri kirkjuskipan væri fylgt. Hann hafði rétt til að setja menn í embætti og átti að hafa eftirlit með versluninni.¹⁶

Í þessu samhengi verður hér að nefna lögbókina Jónsbók þó hún hafi ekki tilheyrt beint skjalasafni Bessastaða. En Jónsbók hefur verið lénsmanninum nauðsynleg við stjórn lénsins. 33 handrit af Jónsbók eru til á dönsku, flest frá 17. öld og eru nokkrar þeirra merktar lénsmanni og jafnvel skrifaðar af fógætum þeirra. Í þessar bækur voru auk lagatextans færðar inn ýmsar upplýsingar eins og um setningu og slit þinga, konungsbréf, dómar og fleira.¹⁷

¹³ AM Steph. 70, bls. 2. Innistæðuskra frá Bessastöðum.

¹⁴ Árni Magnússon, *Arne Magnussons Private Brevveksling*, (København-Kristiania 1920), bls. 339.

¹⁵ Þf. Skjalasafn Stiftamtmanns III. nr. 2. Þrjú skinnbréf 1565–1643, nr. 3. Konungsbréf til höfuðsmannans 1542–1682.

¹⁶ Kr. Erslev, *Danmarks len og lensmænd i det sextende Aarhundrede* (København 1879), bls. 1; Jens Engberg, *Dansk finanshistorie i 1640'erne* (Aarhus 1972), bls. 154–155.

¹⁷ *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*. „Inngangur“. Már Jónsson tók saman (Reykjavík 2004), bls. 26–27; *Jónsbók og réttarbatur*. Útgefandi Ólafur Halldórsson, (København 1904), bls. LVI-LVII.

Söfnun eignarheimilda 1552-1553

Jarðabók var sennilega hluti skjalasafnsins frá upphaf eins og fram hefur komið. Strax við siðaskiptin hófst söfnun eignarheimilda en mikilvægustu skjölin fyrir konung voru um jarðirnar, hvaða jarðir hann átti, hvað voru þær stórar og hvað þær gáfu af sér. Á þeim byggðust tekjurnar af landinu og völd konungs. Að afla upplýsinga um jarðeignir er einmitt eitt það fyrsta sem lénsmanni hans er skipað að gera eftir siðaskipti. Í erindisbréfi Páls Hvítfeld, sem varð lénsmaður 1552, er honum fyrirlagt að láta útbúa jarðabók yfir allt veraldlegt og andlegt góss.¹⁸ Þessi fyrirskipun var ekki aðeins orðin tóm því árið 1553 sendi konungur þrjá menn til þess að aðstoða Pál við að semja slíka jarðabók.¹⁹ Þeir áttu að safna upplýsingum, sérstaklega um jarðir Jóns Arasonar biskups og sona hans, koma þeim upplýsingum til alþingis og þar áttu þeir að setja saman jarðabók, með aðstoð innlendra embættismanna, yfir þær jarðir sem konungur var nú að eignast. Þessi jarðabók gæti verið bók frá árunum 1550–1579 sem kennd hefur verið við Jóhann Bocholt lénsmann í fyrra sinn 1570–1587 þó ekki sé hægt að færa sönnur á það með óyggjandi hætti. Í þessari bók eru jarðirnar taldar upp og landskuldin.²⁰ Önnur bók tengd Bocholt er frá árunum 1583–1616 yfir konungsjarðir sem lágu til Bessastaða, auk þess eru í henni skrár yfir sýslurnar, klaustrin og hafnir sem siglt var á.²¹

Allt frá siðaskiptum hefur konungur gert kröfu um að biskupar skili inn upplýsingum um kirkjujarðir og jarðir biskupsstólanna. Ein bók er varðveitt frá árinu 1597 með þeim upplýsingum²² en erfiðlega gekk að fá slíkar upplýsingar frá biskupum. Krafa var gerð um það árið 1619²³ en heimildir eru litlar sem benda til að biskupar hafi þá samið nýja jarðabók. Þeir sögðu að slík bók lægi þegar á Bessastöðum.

Söfnun eignarheimilda 1636–1639

Árið 1635 mætti Ólafur Pétursson, fógeti Holgers Rosenkrantz (1620-1633) lénsmanns á árunum 1629 til 1633 og Pros Munds lénsmanns árið 1634, í kansellíð og gerði athugasemdir í 22 liðum um ýmislegt sem betur mætti fara á Íslandi.²⁴

Að eigin sögn hafði hann verið á Íslandi í sjö og hálf ár og hafði áður fyrr siglt á landið í átta ár og gjörþekkti því landshætti og hann virðist hafa kunnað eitthvað í íslensku. Hvers vegna

¹⁸ *Íslenskt fornbréfasafn* XII, bls. 363.

¹⁹ *Íslenskt fornbréfasafn* XII, bls. 516, 519-520.

²⁰ AM 902c 4to. Jarðabók yfir klaustraeignir og konungsjarðir 1550–1579.

²¹ AM 459 fol. Jarðabók 1583–1616.

²² *ÞÍ*. Norska gjöfin 1974. Legg 14. Jarðabók 1597.

²³ *ÞÍ*. Skjalasafn Stúfamtamanns III. nr. 3. Konungsbréf til höfuðsmanns 1542–1682; Magnús Ketilsson, *Kongelige Allernaadigste Forordninger og aabne Breve* II, (Rappsøe 1778), bls. 276.

²⁴ *ÞÍ*. KA-1. 8. júlí 1637. Pros Mund gerir grein fyrir réttarfari, verslun og ýmsu öðru með greinargerð í 22 liðum. Jón J. Aðils segir í bók sinni *Einokunarverzlun Dana á Íslandi 1602–1787*. 2. útgáfa (Reykjavík 1971), bls. 103 að hann hafi skrifað langt bréf til konungs með þessu sama innihaldi frá Glückstað 3. nóvember 1635.

hann kom í kansellíð er ekki vitað með vissu. Undirrótin gæti þó verið deilur hans við íslenska ráðamenn sem þessar athugasemdir hans vitna um, en sjálfur hafði hann ekki alltaf farið að lögum því hann þáði jarðir að gjöf og veitti prestum brauð sem aðrir sátu.²⁵ Ólafur hafði skrifað konungi bréf um þetta leyti með ósk um að fá að sigla á nokkrar hafnir og versla. Að mati sumra og þar á meðal Pros Mund lénsmanns sem nú skipaði embættið vildi Ólafur verða lénsmaður á Íslandi. Að minnsta kosti nefnir Ólafur í athugasemdunum að sá sem Íslandi ætti að stjórna þyrfti að þekkja landið vel, geta lesið og skilið tungumálið og útskýrt á dönsku makaskiptabréf, kaupbréf, dóma og vitnisburði því Íslendingum sé ekki treystandi. Þeir hugsi frekar um sinn eigin hag en konungs því þeir séu ekki trúir Dönum. Þetta viti hann því hann hafi sjálfur umgengist þá svo lengi að hann þekki vel refshátt þeirra.

Athugasemdir Ólafs fjölluðu m.a. um óeiningu og óvissu í réttarfari og deilur innan andlegu stéttarinnar vegna þess að norska kirkjuskipanin hentaði ekki á Íslandi, en flestar athugasemdana varða skjalagerð og nauðsyn þess að semja nýja jarðabók yfir landið þar sem dýrleika jarða sé getið auk landamerkjabókar.²⁶

Hvað sem lá að baki komu Ólafs Péturssonar í kansellíð höfðu orð hans áhrif og konungur hlustaði á hann. Pros Mund lénsmaður fékk nóg að gera og einnig aðrir ráðamenn á Íslandi við að svara fyrir störf sín. Til þessara athugasemda má rekja fyrirspurn Pros Mund á alþingi árið 1636 um ýmislegt er varðaði rekstur jarða konungs og kirkju auk þess sem hann spurðist fyrir um eftir hvaða lögbók væri dæmt í landinu og eftir hvaða kirkjuskipan biskuparnir dæmdu um andleg mál. Pros Mund var falið að afla upplýsinga til þess að geta svarað athugasemdum Ólafs sem hann gerði árið 1637.²⁷ Í framhaldi af þessari upplýsingaöflun kom konungsbréf árið 1638, sem var lesið upp á alþingi 1639 um ýmislegt varðandi Ísland.²⁸ Konungur vill upplýsingar og gerir viðamikla kröfu um skjalagerð. Þessi upplýsingaöflun og skjalagerð var konungi nauðsynleg til þess að efla stjórn sína í léninu.

Klausturhöldurum og öðrum, sem höfðu eignir konungs á leigu, er boðið að gera skrá yfir innistæðu krúnunar á jörðum, klaustrum og annarsstaðar. Einnig áttu biskupar ásamt próföstum og prestum að gera skrá yfir alla innistæðu dómkirkna, kirkna og annarra þeirra staða, sem kirkjunnar menn héldu og innistæðu höfðu. Frumrit innistæðuskránna átti að varðveita á hverjum stað fyrir sig, en tvö afrit átti að gera, annað skyldi geyma á Bessastöðum en hitt senda til rentukammers. Þá bauð lénsmaður klausturhöldurum, umboðsmönnum og öllum þeim, er lén höfðu af kóngi, að gera jarðabók yfir allt landið. Í jarðabók þessari átti að koma fram dýrleiki,

²⁵ Magnús Ketilsson, *Forordningar* II, bls. 364–366.

²⁶ ÞÍ. KA-1. 8. júlí 1637. Pros Mund gerir grein fyrir réttarfari, verslun og ýmsu öðru með greinargerð í 22 liðum.

²⁷ *Alþingisbækur Íslands* V, (Reykjavík 1922, 1925–1932), bls. 426–428; ÞÍ. KA-1. 8. júlí 1637.

²⁸ *Alþingisbækur Ísland* V, bls. 561–567; Magnús Ketilsson, *Forordningar* II, bls. 416–421; ÞÍ. KA-1. 8. júlí 1637; Jón Árnason, *Historisk Inledning til den gamle og nye Islandske Rettergang*, (København 1762), bls. 512.

leigukúgildi og landskuld og öll réttindi krúnunnar og þær breytingar, sem orðið höfðu á jörðum hennar. Einnig áttu biskupar að láta gera rétta jarðabók yfir allar jarðir kirkjunnar, sem tilheyrðu biskupsstólum, kirkjum, skólum, spítölum eða öðrum kirkjunnar jörðum. Biskupar áttu árlega að afhenda lénsmanni reikning og skrá yfir bústofn og tekjur dómkirknanna, skólanna og spítalanna, með skýringum um hvernig þeim hafði verið ráðstafað. Þá áttu klausturhaldarar, umboðsmenn og aðrir að afhenda lénsmanni öll jarðabréf sem fyndust á landinu og vörðuðu réttindi og eignir krúnunnar. Lénsmaður og lögmenn áttu að setja innsigli sín á þau, láta skrifa þau inn í eina bók á íslensku með læsilegum, góðum, dönskum bókstöfum og á góðan pappír. Afrit bréfanna skyldu vera tvö, annað fyrir skjallasafnið á Bessastöðum en hitt fyrir kansellið. Á sama hátt áttu biskuparnir að afhenda öll bréf varðandi dómkirkjur, kirkjur og spítala, og þau að skrifast inn í eina bók. Alþingisskrifarin átti að halda númeraða alþingisbók með innsigli landsins. Í hana átti að færa öll útgefin bréf konungs, alþingisdóma og annað, sem lénsmaðurinn vildi að fært yrði inn og varðaði hagsmuni konungs. Gegn greiðslu skyldi hann gera afrit úr bókinni fyrir sýslumenn, klausturhaldara, embættismenn og aðra, ef um væri beðið.²⁹ Víst er, að ekki hlýddu allir strax þessum fyrirskipunum sem hér hafa verið nefndar.

Ítrekun á söfnun eignarheimilda 1641–1645

Á alþingi árin 1641 og 1642 kvartaði lénsmaður bæði við andlegu stéttina og við klausturhaldara og umboðsmenn yfir lélegum heimtum til Bessastaða á máldögum, bréfum og skjölum ásamt reikningum kirknanna. Árið 1642 bauð hann lögmönnum að þeir ættu um veturinn með aðstoð alþingisskrifarans að athuga öll veraldleg jarðabréf og færa inn í sérstakar bækur. Á alþingi árið 1643 tók hann fram að frá veraldlegu stéttinni hefði hann fengið nokkuð af gögnum, en alls ekkert frá biskupum vegna kirkjunnar.³⁰

Þrátt fyrir þessar kvartanir yfir lélegum heimtum á skjölum hafa menn setið sveittir við, því að fjórar jarðabækur yfir konungseignir, sem lénsmaðurinn og fógeti hans hafa sett, eru varðveittar frá 1638–1639. Í bókunum er getið leigukúgilda, landskuldar og dýrleika jarða. Þar eru einnig upplýsingar um t.d. hafnirnar, íslensk verðgildi, listi yfir umboðsjarðir, sýslurnar og klaustrin og hvað greitt er af þeim. Ein þessara bóka er á dönsku.³¹

²⁹ Magnús Ketilsson, *Forordningar* II, bls. 416–421; *Alþingisbækur Íslands*. V, bls. 561–567.

³⁰ *Alþingisbækur Íslands* VI, (Reykjavík 1933) bls. 42–43, 76–77, 100. Björn Lárusson segir ennfremur, í bókinni *Íslands Jorðabók under föruindustriell tid* (Lund 1982), bls. 9, að árið 1643 hafi Pros Mund krafist jarðabókar yfir allar jarðir í einkaeigu en án árangurs. Hér vísar hann til Jóns Espólín, *Íslands Árbækur i Söguförmi* VI (Kaupmannahöfn 1827), bls. 109 og áfram. Aðrar heimildir hafa ekki fundist fyrir þessu.

³¹ *DÍ*. Leyndarskjallasafn 4. Supplem II. 37. Jarðabók 1638. Þessi bók er á dönsku; *DÍ*. Rtk. Y.4. 1631–1640. Lénsreikningar, jarðabók 1639; AM 460 fol. Jarðabók 1639; Lbs. 492 4to Jarðabók 1639.

Björn Karel Þórólfsson skjalavörður segir að fyrst á 17. öld hafi megnið af fornbréfum klaustra farið til Bessastaða.³² Varðveittar eru tvær afskriftabækur klaustraskjala, báðar frá um 1640 og báðar skrifaðar af Hákonni Ormssyni sem var alþingisskrifari 1641–1645. Önnur er nú í Árnasafni og hin í Þjóðskjalasafni Íslands í skjalasafni amtmanns.³³ Bækurnar eru svipaðar þó að ekki séu þær alveg samhljóða. Í bókinni í Árnasafni, sem kölluð er Bessastaðakópiubók, er einnig getið innistæðu eftirfarandi klaustra og jarðumboða: Reynistaðar, Arnarstapa, Bessastaða, Viðeyjar, Munkaþverár, Þingeyra, Möðruvalla, Kirkjubæjar og Þykkvabæjar. Í þeirri bók stendur:

Anno 1642 aa Jolafostu voru þesser Menn samankommner a Kongsgaardenum a Bessastodum til ad yfferlesa þaug Breff Reikningskape Klaustranna sem velbyrdig herra Hoffudsmann Pros Munndt haffde befalad Logmonnum badum ad yfferskoda a næsta fyrerfarende Alþynge Aarne Oddsson Logmadur Paall Güslason vegne Magnusar Logmanns Þordur Henriksson i naalægd Umbodsmannssins Lauridtz Niellssonar.³⁴

Sennilega á önnur þessara bóka heima í skjalasafni Bessastaða og hin í kansellíu eða rentukammeri, þó að ef til vill séu hér komnar þær tvær samhljóða bækur yfir klaustraeignir sem árið 1662 lágu í skjalasafni Bessastaða.³⁵

Á alþingi árið 1643 kvartar lénsmaður yfir því að hann hafi engar upplýsingar fengið frá biskupum. Hólabiskup hefur þó verið byrjaður að afrita bækur en láðst að afhenda eintökin til Bessastaða. Frá Hólabiskupsdæmi eru nú varðveittar þrjár bækur sem skrifaðar voru á árunum 1639–1645. Sú fyrsta er afritabók gamalla bréfa Hólastóls 1331–1633, skrifuð samkvæmt bréflagri befallingu konungs 1641–1642.³⁶ Önnur er afritabók gamalla bréfa Hóladómkirkju frá árinu 1639 og stendur á forsíðu hennar að hún sé kópíuð og afskrifuð úr þeim gömlu kálfskins málþaga bókum samkvæmt Kong Majestatis befallingu Anno 1639.³⁷ Á forsíðu þeirrar þriðju stendur:

Maldaga Bækur Hooladomkyrkiu coperadar og saman teknar epter þeim gomlu Kalskins [svo] Maldaga Bokum sem liggia a Hoolum Ord epter Ord epter Befalningu vorz Nadugasta Herra Konungs Christians þess fiorda thil Danmerkur og Norregs er og epter thilsogn velburdugs Mans Pros Munds Kong Majestatis Befalnings Mans yfer Islands.

³² Björn K. Þórólfsson, „Íslensk skjalasöfn“, *Skálmir* 127 (1953), bls. 117.

³³ *AM* 280 4to. Bessastaðakópiubók; *DÍ*. Skjalasafn amtmanns II. nr. III. Afrit af skjölum ýmissa klaustra ca. 1200–1643; Jón Þorkelsson, *Skýrsla um skjöl og handrit í safni Árna Magnússonar sem komin eru úr opinberum skjalasöfnum á Íslandi*. Samin af fyrirlagi Stjórnarráðs Íslands. (Reykjavík 1908), bls. 43–44; Jón Þorkelsson, *Skrá um skjöl og bækur í Landskjalasafninu í Reykjavík* I,1, (Reykjavík 1903), bls. 81.

³⁴ *AM* 280 4to. Bessastaðakópiubók, bls. 206.

³⁵ *AM* Steph. 70. Innistæðuskra frá Bessastöðum, bls. 2.

³⁶ *DÍ*. Biskupsskjalasafn (Bps). B.I. 13. Afritabækur gamalla bréfa Hólastóls 1331–1633.

³⁷ *DÍ*. Bps. B.III. 3. Málþagar Hólabiskupsdæmis skrifaðir eftir skinnbókum 1639.

Aptur að nýu uppskrefadar og underskrifadar á Hoolum í Hialltadal: 1645. Maldaga Bok Audunar Bps huorror Datum er 1318 ar.³⁸

Brynjólfur biskup Sveinsson gaf sínar skýringar í bréfi til lénsmanns, skrifuðu í Skálholti 28. júní árið 1641 og afhenti lénsmanni á alþingi.³⁹ Í inngangi bréfsins kemur fram að hann hafi verið í útlöndum og komið seint og því misst af því þegar höfuðsmaður las bréfið á alþingi. Og svo sé hann ungur og reynslulaus. Um þær uppskriftir skjala, sem hann er krafinn, hefur hann ýmislegt að segja. Vegna jarðabókar yfir kirkjueignir og kristfjárjarðir er svar hans að hann telur að jarðaregistur dómkirkjunnar hafi nokkrum sinnum verið sent til Bessastaða og að stærstur hluti eigna allra kirkna sé færður inn í þann almennilega kirknastól Vilchinsmáldaga sem hann telur að liggi þegar á Bessastöðum. Þrátt fyrir þetta ætlar hann að láta skrifa upp vísitásiuna og „það Registur maa Lensmadurinn faa þegar það er bued. Þessu verður ei suo flíott fyrerkomed suo vel vandad sie“.⁴⁰ Einnig lofar hann skrá yfir kristfjárjarðir. Varðandi afhendingu á reikningum dómkirkjunnar hefur hann þetta að segja, „þar til suara eg fyrir Domkirkuina i Skaalhollte, ad hennar Inntekt sem eru Leigur og Landskyllder eru Innskriffadar i það Jarda Registur er eg vona a Bessastöðum ligge huad alldre vex, helldur miklu helldur aarlega minkar vegna Faatæktar og Landsins Hardenda ... sem Reikningarner skulu noglega utviissa“.⁴¹ Í sömu heimild segir:

... fraa því að skyra huorninn Inntektunum er varid mun Reikningurinn giorast herma huors inntak eg fa Hoffudsmannenum i stuttri Summu því omogulegt er einum Manne suo opt ad laata allt i gegnum skrifa med ollum odrum Breffagiordum, Erendum og Reidum sem hann a i alla stade ad giegna vegna syns Embættis huad ei maa hier fyrerforsomast þo huor og eirn vilie sier sem best ummhugad vera laata sitt besta ad giora epter Skylldu.⁴²

Brynjólfur segir að reikningurinn segi best til um hvernig tekjunum er varið og þær tölulegu upplýsingar hafi höfuðsmaðurinn. Hann segir jafnframt að það sé ómögulegt einum manni að skrifa allt upp svo oft með öðrum bréfagerðum og verkefnum embættisins. Þeim verkefnum vill hann þó gegna samkvæmt bestu vitund. Svar hans við skipun um afritun á öllum bréfum dómkirkjunnar hljóðar svo:

³⁸ *DÍ*. Bps. B.III. 4. Máldagar Hólabiskupsdæmis skrifaðir eftir skinnbókum 1645.

³⁹ *AM* 258 4to. Bréfabók Skálhóltsstóls, bl. 178r-186r.

⁴⁰ *AM* 258 4to. Bréfabók Skálhóltsstóls, bl. 183v.

⁴¹ *AM* 258 4to. Bréfabók Skálhóltsstóls, bl. 184r.

⁴² *AM* 258 4to. Bréfabók Skálhóltsstóls, bl. 184v.

hvar til eg svara að ei sje mogulegt þaug gömlu Breff er Skaalhollts Kirkia medferdis heffur, suo snarlega og fljotlega að yffersiaa og underskriffa sem margur meinar, þui þo þaug sieu ei morg, þa er þo ei ouyst nema Aarid teffiest umm það allt er ordriett skriffað, samanlesed og handskriffað aff því Rusle sem þar liggur. Sumt til nockurs enn sumt til onytis þo að eg Hanns Maytts naadar bifalning underdanlegast giore það eg maa. Og velb. Herra Hoffudsmanne hlydnest. heff eg epter þui sem Tymenn og Tydenn vill leyffa fyrerborest að lata utskriffa þaug Breff er Skaalhollts Domkirkia aa nu og heffur medferdis i eina Bok med Handskrifftum, suo þar meiga faast epter su Bok er Herra Hoffudsmadurinn umtalar eff Gud vill oss so leinge lyda, ...⁴³

Brynjólfur segir að ekki sé eins fljótlegt að skrifa upp bréf, lesa yfir og undirrita og margir haldi. Þó þau séu ekki mörg getur vinnan við að skrifa þau upp og lesa saman dregist fram eftir ári. Sum þessara bréfa eru merkileg og önnur ekki. Hann segist reyna það sem hann geti sem undirmaður konungs og hlýðnast herra höfuðsmanni. Eftir því sem tíminn og tíðin leyfir muni hann láta skrifa upp þau bréf sem Skálholtsdómkirkja á nú í eina bók svo þar fáist sú bók sem höfuðsmaðurinn óskar eftir ef guð lofar.⁴⁴ Biskup hefur staðið við orð sín því varðveittur er máldagi Brynjólfs biskups Sveinssonar eða skrá yfir kirkjugóssið í Skálholtsbiskupsdæmi. Einnig skjalabók Skálholtsstóls með hendi Hákonar Ormssonar frá um 1643. Þar má m.a. finna virðingu á óbrúkanlegri innistæðu frá Skálholti sem gerð var á alþingi árið 1641 og einnig reikning um tekjur og gjöld Skálholtsdómkirkju og skóla „svo sem reyndist í Meðalárum“.⁴⁵ Hákon Ormsson hefur einnig verið fenginn árið 1642 til að skrifa upp máldaga Gísla biskups Jónssonar 1558–1587 sem nú er varðveittur í afskrift frá árinu 1710.⁴⁶ Varla getur það verið tilviljun að a.m.k. fimm afrit af Vilchinsmáldaga eru frá árabílinu 1640–1643 og fjögur þeirra sögð skrifuð fyrir Brynjólf biskup.⁴⁷

Samantekt

Skjalasafn Bessastaða er ekki varðveitt í heild. Skjöl úr því eru nú dreifð í ýmsum söfnum hér á landi og í Danmörku. Safnið er samsett úr nokkrum skjalaflokkum og verður á tímabilinu 1552–1682 stöðug aukning í skjalagerð. Það er vísbending um aukna stjórnslu. Í upphafi tilheyrðu safninu aðallega konungsbréf, fljótlega bætist við jarðabók yfir konungseignir og í kjölfarið

⁴³ *AM* 258 4to. Bréfabók Skálholtsstóls, bl. 185v.

⁴⁴ *AM* 258 4to. Bréfabók Skálholtsstóls, bl. 185v.

⁴⁵ *AM* 262 fol. Máldagi Brynjólfs Sveinssonar biskups; *AM*. 258 4to, Bréfabók Skálholtsstóls.

⁴⁶ *AM* 261 fol. Máldagi Gísla Jónssonar biskups; Kr. Kálund, *Katalog over den Arnemagnæanske håndskriftsamling I*, (København 1889), bls. 238.

⁴⁷ *Íslenskt fornbréfasafn IV*, (Kaupmannahöfn 1895), bls. 29.

Söguþing 2012. Ráðstefnurit. Sagnfræðistofnun, Reykjavík, 2013.

jarðabók yfir eignir biskupsstólanna. Er líða tekur á tímabilið fjölga konungsbréfunum og máldagabækur kirkjunnar verða hluti safnins auk klaustraskjala. Jafnframt þessu verður alþingisbók a.m.k. frá árinu 1631 hluti safnins. Jónsbók er ef til vill ekki hægt að telja til safnins, enda oft merkt lénsmönnum og fúgetum þeirra sem einkaeign. Hún er þó nefnd hér enda ómissandi lénsmanni við stjórn lénsins. Öll þessi skjöl varpa ljósi á stjórnsýslu konungs í léninu Íslandi og eru mikilvæg fyrir rannsóknir á sögu tímabilsins.